

M-25/2013 Álit 17. september 2013

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. september 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-25/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á parket, sem hún keypti Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér parketið að fullu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 30. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 2. apríl. Með bréfi, dags. 9. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 23. apríl. Engin frekari gögn bærust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 23. janúar sl. keypti álitsbeiðandi 59,4 fm. af parketi af seljanda af gerðinni Parket Eik Natur 2200x189x14/3mm. Var kaupverð kr. 118.206. Tekur álitsbeiðandi fram að í auglýsingu fyrir parketið hafi komið fram að það væri á útsölu vegna lagerhrensunar og ekki væntanlegt aftur í verslun seljanda. Fékk álitsbeiðandi iðnaðarmann til að leggja fyrir sig parketið og hafi þá komið í ljós að parketið var gallað. Var gallinn fólgin í því að lakkhúð sem á að vera á upphlið parketsins hafi lekið niður á hliðar parketsins. Sé allt parketið haldið þessum galla. Kveðst álitsbeiðandi hafa spurt sérstaklega við kaupin hvort parketið væri gallað, en því hafi seljandi neitað. Afleiðing gallans hafi verið sú að þrefalt lengri tíma en ella tók að leggja parketið þar sem þússa þurfti hliðar hverrar einustu parketfjalar áður en hún var lögð.

Álitsbeiðandi kveðst hafa leitað til seljanda og hafi starfsmaður hans viðurkennt að parketið væri haldið galla. Hins vegar hafi starfsmaðurinn bæði neitað að taka við parketinu aftur og endurgreiða það og að veita afslátt af kaupverðinu. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði sér parketið.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er greinargerð sonar álitsbeiðanda af samskiptum sínum og iðnaðarmannsins sem fenginn var til að leggja parketið, við seljanda. Þá fylgir einnig reikningur fyrir kaupum á parketi og trélimi, dags. 23. janúar 2012, að fjárhæð kr. 119.796.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi viti ekki betur en að umrætt parket hafi verið lagt niður og að það virki eins og ætlast sé til, gallalaust. Þá er tekið fram að e.t.v. hafi verið lögð fram aukavinna, líkt og komið geti upp, við að þússa upp enda á parketinu, en ekki sé þó um eiginlegan galla að ræða. Hafnar seljandi því kröfum álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Sem fyrr segir fjallar ágreiningur aðila um 59,4 fm. af parketi sem álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 23. janúar 2013 fyrir kr. 118.206. Hefur parketið verið lagt og virðast aðilar sammála um að lagning þess hafi m.a. falið í sér einhverja aukavinnu við að þússa hliðar parketsins þar sem á því voru lakkleifar. Telur álitsbeiðandi að parketið hafi verið haldið galla, en því er seljandi ósammála, þar sem parketið virki eftir lagningu þess líkt og ætlast sé til af parketi.

Kærunefndin telur að almennt séð megi kaupendur parkets búast við því að parket sé þannig úr garði gert að ekki þurfi að meðhöndla langhliðar þess sérstaklega áður en það er lagt. Parket sem þannig er þó komið fyrir getur hins vegar verið fullgild söluvara í þeim tilvikum sem seljandi upplýsir kaupanda um ástand parketsins fyrir kaupin og má gera ráð fyrir að fyrirsjáanleg aukavinna við lagningu slíks parkets kalli á að parketið sé selt með umtalsverðum afslætti, eða a.m.k. mun ódýrar en sambærilegt parket sem ekki þarf að meðhöndla sérstaklega fyrir lagningu. Er það því mat kærunefndarinnar að parket það sem hér er deilt um sé galla í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. og 15. gr. sömu laga. Þá er ekkert komið fram um það að álitsbeiðandi hafi verið meðvitaður um áðurnefnt ástand parketsins við kaupin, sbr. 3. mgr. 16. gr. laganna.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um úrræði neytanda vegna galla. Þar segir m.a.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi endurgreiði sér parketið að fullu. Verður að líta á kröfu álitsbeiðanda sem afsláttarkröfu skv. ákvæðum 31. gr. Skal afslátt meta að álitum þar sem ljóst má þykja að gallinn á parketinu hafði í för sem sér aukinn kostnað við lagningu þess, þó ekki liggi fyrir nákvæmar upplýsingar um þann kostnað. Er afsláttur metinn kr. 40.000.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 40.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir